

## Fundur foreldraráðs Verzlunarskóla Íslands, 28. Nóvember 2013, kl. 17:30 – 18:30

Mættir: Björk Ragnarsdóttir, Elín Thorarensen, Hlaðgerður Íris Björnsdóttir, Unnur Ingólfssdóttir, Díana Arnfjörð, Lena Kristín Lenharðsdóttir

Auður Einarsdóttir, Þórdís Guðmundsdóttir og Sigurður Örn Eiríksson boðuðu forföll.

Dagskrá:

1. Fréttir af skólanefndarfundi
2. Næsta ball og skipulag ballgæslu
3. Innheimta
4. Fyrirlesari í febrúar
5. Önnur mál
6. Næstu fundir

1. Skólanefndarfundur. Elín skýrði frá efni og umræðum á skólanefndarfundi. Stytting skólans til stúdentsprófs var rædd sem og skipulagsbreytingar í tengslum við það verkefni. Væntanlega mun fyrsta innritun í styttra nám fara fram haustið 2015.

2. Næsta ball verður 16. desember 2013 í Gullhömrum. Ballgæsla var rædd og þær hugmyndir sem komið hafa upp um að tilnefna foreldra 3ju bekkja í gæsluna ásamt einum til tveimur úr foreldraráðinu. Rætt um hversu marga þarf í gæslu og niðurstaðan var 12 – 14 manns eftir stærð ballsins. Óskastaða væri að hafa blandaðan hóp ca. 50% karlar og 50% konur. Lena ræðir við Auði um að semja texta sem Þorkell Diego mundi senda áfram á foreldra til að kynna þessa hugmynd.

3. Innheimta. Unnið er að því að sækja um kennitölu fyrir foreldraráðið svo hægt verði að senda valkvæða giróseðla til foreldra/forráðamanna nemenda. Unnur kom með pappírana og Elín ætlar að fylla þá út. Björk hefur rætt við Þórð Hauksson varðandi lista yfir nemendur og foreldra og mun koma þeim áfram þegar þeir verða tilbúnir. Einn giróseðill verður sendur per heimili nemenda þ.a. ef um systkini er að ræða þá er einungis einn seðill sendur.

4. Fyrirlesari í febrúar. Foreldraráði hefur verið úthlutað því verkefni að finna og leggja til fyrirlesara fyrir 5. febrúar 2014 á degi gleði og forvarnar í samstarfi við verkefnið Heilsueflandi framhaldsskólar. Stungið var uppá þremur fyrirlesurum þ.e. Hönnu Björg Vilhjálmsdóttur úr Borgarholtsskóla, Sigrúnu Davíðsdóttur og Páli Ólafssyni. Ákveðið að Þórdís sendi þessar tillögur á stýrihópinn.

5. Önnur mál. Rætt um tölvunotkun og möguleika á því að láta kanna hversu mikið kennarar eru að nýta tæknina í kennslustundum.

Elín óskaði eftir varamanni í skólanefnd og tilnefningu varaformanns.

Björk óskaði eftir að hætta sem ritari þar sem hún þarf að hætta í foreldraráði vegna breytinga í starfi og mun hún þ.a.l. flytja frá Íslandi.

Hlaðgerður Íris bauð sig fram til að gegna ofangreindum störfum foreldraráðs.

6. Lagt til að næstu fundir foreldraráðs verði sem hér segir – með fyrirvara um breytingar þegar nær dregur :

- |                  |           |
|------------------|-----------|
| 30. janúar 2014  | kl. 17:30 |
| 27. febrúar 2014 | kl. 17:30 |
| 3. apríl 2014    | kl. 17:30 |
| 22. maí 2014     | kl. 17:30 |

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 18:30

Björk Ragnarsdóttir, fráfarandi ritari foreldraráðs Verzlunarskóla Íslands.